

ENSK3HM05

Búið til: Thu, 02 Oct 2025 15:25:37 GMT

Titill

Breskur húmor, tungumál og menning

Skammstöfun

ENSK3HM05

Útgáfunúmer

114

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

Breskur húmor

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur öðlast þekkingu á ýmsu sem tengist breskum húmor, s.s., einkennum, bakgrunni, menningu og tilvísunum í sögu (sögulega atburði). Tungumál þeirra verka sem skoðuð eru er krufið til mergjar. Nemendur kynnast einnig mismunandi tegundum húmors, ákveðnum höfundum og verkum þeirra. Áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu og verkefni og að nemendur leiti sér sjálfir fanga. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum sem miða að því að þjálfra framsögn, samræður, samvinnu, hlustun, gagnrýna hugsun, málsskilning og ritfærni.

Forkröfur

10 einingar í ensku á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum bresks húmors
- nýjum orðaforða sem tekinn var fyrir í áfanganum
- menningarumhverfi þess efnis sem skoðað er
- gagnrýnu áhorfi, tengingu og tilvísunum þess efnis sem er til umfjöllunar
- samspili menningar og tungumáls sem kristallast í þeim verkum sem skoðuð eru

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hugsa á skapandi og gagnrýninn hátt
- taka afstöðu til hugmynda og rökstyðja mál sitt
- setja mál sitt fram skilmerkilega í ræðu og riti

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna sjálfstætt og skipuleggja verkefni
- skoða verk og geta tjáð sig munnlega og skriflega um efni þeirra með viðeigandi orðaforða
- taka þátt í skoðanaskiptum og færa rök fyrir máli sínu
- nýta og beita nýjum orðaforða

- skrifa bæði skapandi og formlegan texta og beita viðeigandi rithefðum
- gera greinarmun á formlegri og óformlegri málnotkun í ræðu og riti

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd